



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Táknafjarðarhreppi

1.gr.

Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2.gr.

Umhverfisgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingu og fyrir afnot af gámavelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögbýli sem hér segir :

Sorphreinsunargjald, íbúðir	17.300 kr. á hvert sorpílát
Sorpeyðingargjald, íbúðir	24.900 kr. á hvert sorpílát
Sumarhús, lögbýli	24.900 kr.

3.gr.

Umhverfisgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámavelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnanna, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir :

Flokkur 1	4.900 kr.
Flokkur 2	9.700 kr.
Flokkur 3	14.600 kr.
Flokkur 4	24.300 kr.
Flokkur 5	34.020 kr.
Flokkur 6	58.300 kr.

Hreppsnefnd skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka, þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

4.gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3.gr gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Táknafirði 20. nóvember 2014
f.h. Táknafjarðarhrepps

Indriði Indriðason, sveitarstjóri.



**Viðauki við gjaldskrá umhverfisgjalda í Tálknafjarðarhreppi.
Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalda B**

1. grein

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald :

1. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
- b) Söluturnar án veitingaraðstöðu
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir
- d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
- e) Bílaleigur

2. Flokkur

- a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
- b) Meðalstór hótél eða gistiheimili fyrir 11-25 gesti
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
- e) Leikskólar
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári)

3. Flokkur

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
- b) Miðlungs verslun
- c) Áhaldahús
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
- f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)

4. Flokkur

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
- e) Stærri fiskverkanir (501-1000 tonn á ári)
- f) Bankar og sparisjóðir
- g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
- h) Bensínstöðvar

5. Flokkur

- a) Minnir fiskvinnslustöðvar (1000-2000 tonn/ári)
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn og fleiri)

6. Flokkur

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn/ári og yfir)
- b) Heilbrigðisstofnun